

KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2013 ÍSLAND

DJÚPIÐ

ÁGRIP

Á kaldri nóttu í mars árið 1984, sökk fiskibátur með allri áhöfn nokkrar mílur út af suðurströnd Íslands. Einn skipverji komst af á undraverðan hátt. Eftir sex klukkutíma baráttu í sjónum, náði ungi maðurinn landi, en komst að raun um að framundan var lífshættuleg hraunbreiða.

UM MYNDINA

Djúpið byggir á raunverulegu atviki sem gerðist við Ísland árið 1984, þegar lítill fiskibátur sökk við Vestmannaeyjar um miðjan vetur og allir í áhöfninni nema einn fórust. Sagan bjó um sig í huga Baltasars Kormáks og Íslendinga allra. Árið 2008, þegar fjármálakreppan var um það bil að knésetja Ísland, sá Baltasar leikritið „*Djúpið*“ eftir Jón Atla Jónasson leikskáld. Hann fann sig knúinn til að nota sögu þess eina sem komst af sem myndlíkingu fyrir baráttuanda íslensku þjóðarinnar.

Ólafur Darri Ólafsson var fenginn til að leika aðalhlutverkið og *Djúpið* var kvikmyndað við erfiðar aðstæður í Atlantshafinu til þess að gera myndina eins raunverulega og mögulegt var.

Myndin kom til greina við Óskartilnefningar árið 2013 í flokki bestu erlendu mynda og hlaut 11 Eddu verðlaun, sem er met, m.a. fyrir bestu mynd, bestu leikstjórn og besta leikara í aðalhlutverki. Myndin hefur verið seld til nærri 30 landa, þar á meðal Þýskalands, Frakklands, Benelúx landanna, Bandaríkjanna og Brasilíu.

HANDRITSHÖFUNDUR-LEIKSTJÓRI-FRAMLEIÐANDI, BALTASAR KORMÁKUR

Djúpið er fimmta mynd Baltasars Kormáks sem tilnefnd er til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs og sú fjórða sem hann skrifar handrit að og leikstýrir.

Hinn fjölhæfi Baltasar Kormákur er fæddur á Íslandi árið 1966 og hefur hlotið mikla athygli á alþjóðavettvangi og byggt upp orðspor sem leikstjóri með viðskiptavit. Hann vinnur jöfnum höndum á Íslandi og í Hollywood.

Hann útskrifaðist sem leikari frá Listaháskóla Íslands árið 1990 og fékk þegar starf hjá Þjóðleikhúsinu þar sem hann starfaði til 1997.

Árið 1998 stofnaði hann framleiðslufyrirtæki sitt, Blueeyes Productions, til þess að einbeita sér að skrifum, leikstjórn og kvikmyndaframleiðslu. Fyrsta kvikmynd hans *101 Reykjavík* með Victoria Abril í aðalhlutverki var frumsýnd árið 2000 og hlaut Discovery verðlaunin í Torontó og kom nafni hans á kortið á alþjóðavettvangi. Árið 2010 var hann valinn einn af tíu áhugaverðustu leikstjórunum af tímaritinu Variety, ásamt Christopher Nolan og Alejandro Inárritu. Árið 2002 leikstýrði hann *Hafinu* og þremur árum seinna fór hann til Hollywood til að gera *A Little Trip to Heaven* með Forest Whitaker í aðalhlutverki.

Árið 2007 gerði hann vinsælustu íslensku kvikmynd allra tíma, *Mýrina*, sem byggði á glæpasögu Arnaldar Indriðasonar, sem tilnefnd var til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs, rétt eins og næsta mynd hans, gamanmyndin *Brúðguminn* árið 2008. Sama ár lék hann í og framleiddi *Reykjavík-Rotterdam* sem hann endurgerði fyrir Bandaríkja- og alþjóðamarkað árið 2012 með titlinum *Contraband*. Mark Wahlberg var í aðalhlutverki myndarinnar, sem framleidd var af Universal. Samstarfið við bandarísku stjórnuna hélt áfram í 2 *Guns* (verður frumsýnd í Bandaríkjunum í ágúst 2013) og Wahlberg framleiddi síðan HBO

sjónvarpsþáttinn *The Missionary* sem Baltasar Kormákur leikstýrði vorið 2013. Meðal komandi stórverkefna er *Everest* með Christian Blake í aðahlutverki, sem framleidd verður af Working Title.

Heimafyrir hyggst Baltasar Kormákur gera mynd eftir glæpasögu Arnaldar Indriðasonar *Grafarþögn*, sem verður sjálfstætt framhald *Mýrinnar*.

Baltasar Kormákur stofnaði nýlega sjónvarpsþáttaframleiðslufyrirtækið Blueeyes Vision, þar sem hann vinnur að því að gera þætti á ensku sem byggja á hinum vinsæla EVE Online tölvuleik og glæpaþáttaröðina *Trapped*.

HANDRITSHÖFUNDUR, JÓN ATLI JÓNASSON

Jón Atli Jónasson, sem er fæddur árið 1972, hætti í skóla og vann sem sjómaður, pizzabakari, þungarokksplötusnúður og byggingaverkamaður. Árið 2001 kom út smásagnasafn hans *Brotinn taktur* sem fjallar um fólk sem leitar að hlutum í snjónum. Árið 2002 sigraði hann í leikritasamkeppni á Íslandi og síðan hefur hann skrifað handrit fyrir leiksvið, útvarp, sjónvarp og kvikmyndir. Mörg þeirra hafa hlotið lof gagnrýnenda heima og á alþjóðavettvangi.

Fyrsta reynsla hans af kvikmyndum var aukahlutverk í *101 Reykjavík* eftir Baltasar Kormák. Hann lék í nokkrum öðrum myndum, en meginstarf hans við kvikmyndir frá 2002 hefur verið við handritsgerð. Meðal kvikmyndahandrita hans eru *Eleven Men Out* (2005) eftir Robert Douglas, *Blóðbönd* eftir Árna Óla Ásgeirsson, sem tinfnd var til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2006, spennumyndin *Frost* eftir Reyni Lyngdal (2012) og *Falskur fugl* eftir Þór Ómar Jónsson.

Meðal annarra mynda sem byggðar eru á leikritum Jóns Atla Jónassonar auk *Djúpsins* er *Brim* sem tilnefnd var til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2011.

FRAMLEIÐANDI, AGNES JOHANSEN

Agnes Johansen sem er fyrrverandi barnaþáttastjórnandi, var dagskrárstjóri barnaefnis hjá Stöð 2 frá 1991 til 1996. Frá 1996 til 1997 var hún sjálfstætt starfandi við ýmis verkefni í Póllandi og Bretlandi þar sem hún gerðist framleiðslustjóri hjá Saga Film.

Hún var fulltrúi Íslands hjá Eurimages og tók þátt í þróun og kynningu á ýmsum verkefnum, þar á meðal *Latabæ* eftir Magnús Scheving.

Hún kynntist Baltasar Kormák árið 2001 og vann sem framleiðandi á kvikmynd hans *Hafinu*. Ári seinna gekk hún til liðs við Blueeyes Productions. Meðal þeirra verkefna sem hún hefur framleitt eða meðframleitt fyrir Blueeyes eru *Stormviðri* eftir Sólveigu Anspach, *Dís* eftir Silju Hauksdóttur, *Sumarlandið* eftir Grím Hákonarson, *A Little Trip to Heaven*, *Mýrin*, *Brúðguminn*, *Reykjavík-Rotterdam* og *Djúpið* eftir Baltasar Kormák.

Um þessar mundir er Agnes Johansen að vinna við framleiðslu á *Fúsa*, nýrri íslenskri mynd Dags Kára og við undirbúning fyrstu myndar Barkar Sigbórssonar *Mules*.

Agnes Johansen var tilnefnd sem „Producer on the Move“ í Cannes 2004.

HELSTU FRAMLEIÐSLUUPPLÝSINGAR

Upphaflegur titill	Djúpið
Leikstjóri	Baltasar Kormákur
Handritshöfundar	Jón Atli Jónasson, Baltasar Kormákur
Framleiðendur	Agnes Johansen, Baltasar Kormákur

Aðalhlutverk
Framleiðslufyrirtæki
Lengd
Dreifing innanlands
Alþjóðleg dreifing

Ólafur Darri Ólafsson, Jóhann G. Jóhannsson
Blueeyes Productions
93 mín
Sena
Bac Films